

**Fundargerð stjórnar BÍS 15/2016, miðvikudaginn 24. ágúst 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1) Setning

Bragi Björnsson skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna

2) Fundargerð síðasta fundar.

3) Yfirlit stjórnarmanna.

- a. Bragi. Var á landsmóti og sótti fund á CC WOSM. Scott Teare framkvæmdastjóri WOSM er að láta af störfum og mun stjórn WOSM skipa nýjan í hans stað. Bragi og Hermann fóru á fund menntamálaráðherra og starfsmanna ráðuneytisins. Þeir ræddu fjármál skáta, styrki og fjárveitingar til skátahreyfingarinnar. Þá var Endurvinnslan rædd sem og rekstur Úlfjótsvatns.
- b. Una. Dagskrárráð var með tvær kynningar á landsmóti, um hvatakerfið og forsetamerkið og verkefni því tengdu. Í millibili milli fyrrum og nýja forsetamerkerfisins verða ákveðin verkefni metin og auglýst verður fljótlega eftir umsóknum um að fá forsetamerkið þann 24. sept. Nýtt Pepporway tókst vel og rúmlega tuttugu sóttu viðburðinn. Dagskrárráð fundar í næstu viku. Það er búið að biðja um fund með Guðna Th. Jóhannessyni, nýjum forseta lýðveldisins, um forsetamerkið.
- c. Fríður: Félagaráð var með tvær kynningar á landsmóti: sjálfsmatskerfið og stuðningkerfið. Góðar umræður voru á kynningunum og þeir sem hafa farið í gegnum sjálfsmatið hafa verið ánægðir með það. Kynningarfundur var á nýju verkefni um fjölgun skátafélaga, góðar umræður og fólk jákvætt gagnvart verkefninu. Á einum kynningarfundinum kom fram ósk um að halda einskona startup með öðrum skátafélögum í byrjun hauststarfsins þar sem félögin geta undirbúið sig saman og ráðfært sig við önnur félög. Nokkur undirbúningur hefur verið vegna startup og félagsforingjafundar. Einnig tekur tíma að vinna það að koma vefsíðu félagastarfsins á fót. Stefnt að opnun vefsins þann 28. ágúst nk.
- d. Sonja: Tók þátt í opinni dagskrá á landsmóti. Óskar eftir skýrum línunum, þarf að skýra réttindi og skyldur um hvað stjórnarmeðlimir eigi að gera á landsmóti, að stjórnarmeðlimir fái pakka með matarkorti, upplýsingum um starfsaðstöðu, hvaða fundi viðkomandi á að sitja ofl.
- e. Berglind: Hún og Una voru með kynningu á rekka- og róvernetinu, stofnuðu betasveit R&R-netsins, tengdu flokk frá Klakki og Vífli sem settu up einn dagskrárhring, ákváðu nokkra fundi og ætla svo að hittast í starfinu í vetur.

- Berglind var á Roverway í Frakklandi, og var á mjög góðu 12 daga námskeiði um hvernig hægt er að hafa umsjón með og skipuleggja workshop.
- f. Heiður: Upplýsingaráð var með tvær kynningar á landsmóti um skátabúninginn, um 20 manns mættu. Skátar virðast almennt sáttir um nýja búninginn. Umræður spunnust þar um skátakjóra og skátahúfur. Rætt hvort starfsmenn, stjórnir og ráðamenn fái sérstakan klút til að auka sýnileika þess starfs. Gengið var í tjaldbúðir á mótinu með bækling um kynningarvikuna og möguleg verkefni í þeirri viku. Mörg félög nefndu að það væri æskilegt að leggja áherslu á að fjölga fullorðnum sjálfbóðaliðum.
 - g. Ólafur: Fræðsluráð var með fjölda kynninga á landsmóti og viðveru. Félagar úr fræðsluráði heimsóttu öll skátafélög á mótinu og voru að markaðssetja Gilwell námskeiðin í haust og vetur. 37 skátar frá 15 skátafélögum eru skráðir á sumarGilwell um aðra helgi, 10 eru nú þegar skráðir á 1. skref í byrjun október. Það er mikill uppgangur í Gilwell námskeiðum, fræðsluráðið hefur sett upp áætlun til vors 2017 með tímasetningum. 24.-25. september verður 5. skref á Úlfjótsvatni og þar munu væntanlega um 15 ljúka Gilwell leiðtogaþjálfun. Þá má áætla að um 50 skátar ljúki leiðtogaþjálfun Gilwell á næsta ári.
 - h. Jón Þór: Alþjóðastarf hefur verið í miklum blóma undanfarið. Jón Þór lagði fram yfirlit, sjá nánar í fylgiskjölum fundarins: Margir erlendir gestir á landsmóti, 17 skátar á Euro-Mini-Jam í Mónakó, 30 Kópar á Blair-athol, 50 skátar á Roverway í Frakklandi, Árbúar í heimsókn til vina í Slóveníu, 3 skátar sjálfbóðaliðar í erlendum skátamiðstöðum ofl.

Árlegur fundur norrænu samstarfsnefndarinnar er haldinn hér á landi í september. Auk þess verður hér skátahöfðingjafundur samkvæmt norrænu samstarfsáætluninni sömu helgi.

Alþjóðaráð heldur til Finnlands í september á Erasmus+ styrk til að kynna sér ungmennabjálfun þeirra fyrir heimsráðstefnur og þjálfun í alþjóðaskátastarfi.

Forandringsagenter sem er ný útgáfa af Ung I Norden verður haldið hér í október. Íslenskir þátttakendur taka þátt í Diversity Network fundi og Rovernet/Venturennet fundi í september og október. Styrkt af Erasmus+.

Svíar hafa tekið, samkvæmt áætlun Norðurlandanna, frumkvæðið að stofnun faghóps í fræðslumálum sem er ætlað að lyfta þeim hluta norrænu samstarfsáætlunarinnar á hærra stig. Styrkur fékkst til að halda Young Spokespersons þjálfun á vegum WOSM Evrópu hér næsta vor.

Lítill hópur fer líkast til á skátamót í Hong Kong um jól/áramót. Auk þess mun a.m.k. einn skáti sækja skátamót í Ekvador á sama tíma.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a. StartUp! 27. ágúst og félagsforingjafundur 28. ágúst

- b. **StartUp!**: Vinnufundur fyrir stjórn og ráð þar sem allir eru á sama stað og hafa tækifæri til að hittast og hitta meðlimi í öðrum ráðum eftir þörfum. Vettvangur til að skerpa á stefnumótun og áhersluatriðum. Ákveðið var að fresta viðburðinum í þessu formi um eitt ár, auglýsa í starfsyfirliti ársins 2017 og markaðssetja allt árið. Ákveðið var að biðja stjórnarmeðlimi að kanna með vinnufund/ vinnugleði á miðvikudaginn 7. sept. og senda til Sigríðar hvernig staðan er hjá meðlimum sinna ráða, hvort þeir komast.
- c. **Félagsforingjafundur** Verður haldinn 28. ágúst kl. 10-16 í Hraunbæ 123. Markmið fundarins er m.a. að hlusta á skátafélögin í upphafi starfsárs: Hvað rekast þau á? Hvernig getur BÍS aðstoðað? Hvað geta félögin lært hvert af öðru?

Markmiðið er einnig að koma á framfæri nýjustu verkefnum og áherslum stjórnar og þar hafa eftirfarandi fimm atriði orðið fyrir valinu: Nýr rammi um forsetamerki, Skátastarf á nýjum slóðum (spurning um ungmennaráð?), Tækifæri í alþjóðastarfi, Kynningarvikan og Athugasemdir um nýtt skátaheit.

Drög að dagskrá eru sem hér segir:

10:30 Húsið opnar, léttar veitingar – undirbúningsblað með væntingum vetrarins.

11:00 Velkomin, lesið af væntingblöðum þeirra sem vilja, upprifjun stefnumótunar og markmiðavinnu, beðið um hugmyndir að umræðuhópum

11:30 World Cafe: kynningar stjórnar, 4 horn með 15 mínútum

12:30 Hádegisverður

13:00 Kynning þeirra sem vilja fá málefni rædd í næstu sessjon

13:15 Umræðuhópar/Coffee Table. Efni sem voru kynnt í lok matarhlés rædd í umræðuhópum, 2x45 mín/3x30 mín

14:45 Samantekt. Kynningar frá hópum, þátttakendur beðnir um að segja frá hvort væntingar hafi staðist og svör hafi fengist.

15:30 Önnur mál

16:00 Slit

5) Meginviðfangsefni 2:

- a. Áætlun um uppbyggingu mannauðskerfis skáta og fjölgun fullorðinna. Ólafur dreifði áætlun með tímasetningum en nánari kynningu frestað til 24. ágúst.

6) Mál til kynningar

- a. Kynningarvika skátastarfs 23. ágúst – 5. september. Heiður kynnti helstu atriði kynningarvikunnar sem verður í tvær vikur. Plakat og bæklingur eru í prentun og verður dreift til skátafélaga. Það kemur umfjöllum um skátastarf í Fréttatímanum um helgina og nokkrar auglýsingar í fjölmiðlum áætlaðar í kynningarvikunum.
- b. Trúnaðarmál – ferli mála og næstu skref í fyrirliggjandi málum. Frestað til næsta fundar.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a. Hálendi Íslands – ályktun/undirskrift viljayfirlýsingu samtakanna á www.halendid.is. Frestað til næsta fundar.

- b. Viðbragðsteymi. Bragi óskar eftir því að stíga til hliðar. Rík áhersla verður lögð á að fylgja viðbragðsáætlun. Nýtt viðbragðsteymi samþykkt.
- c. Viðbrögð stjórnar BÍS við ákvörðun CC WOSM um skátaheitið. Jón Þór, Ólafur Proppé og Berglind verða í undirbúningsnefnd til að vinna að nálgun á skátaheitinu og fá aðstoð eftir þörfum frá skrifstofu BÍS. Þau koma með drög að tillögu/nálgun á næsta stjórnarfund.

8) Önnur mál

- a. Guðni Th. Jóhannesson nýr forseti lýðveldisins hefur samþykkt að vera verndari skátahreyfingarinnar.
- b. Fjarvera Unu og Heiðar í barnsburðarleyfi. Þær ákveða síðar og láta stjórn vita.
- c. Una lagði fram vinnuhópablað um Rekka- og róvernet.
- d. Ákveðið var að halda auka stjórnarfund miðvikudaginn 24. ágúst kl. 17:30 þar sem fundarefnið verður: Félagsforingjafundur 28. ágúst, Fjölgun fullorðinna og mannauðskerfið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:30. Fundargerð ritaði SÁ

Meginviðfangsefni stjórnarfundar miðvikudaginn 31. ágúst verður samkvæmt yfirliti um efni stjórnarfunda málefni frá dagskráráði og WSM.